

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

20. nóvember 2017
UST201711-030/R.K.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Tillaga að matsáætlun. Aukning á laxeldi í Dýrafirði

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 1. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun Arctic Sea Farm hf. sjókvíaeldis í Dýrafirði sk. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000 og 17. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin sem um ræðir er framleiðsluaukning á eldislaxi um 5.800 tonn sem gerir heildarframleiðslu í firðinum 10.000 tonn á fjórum mismunandi svæðum í Dýrafirði líkt og kemur fram í greinagerð.

Helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar felast í efnamengun, áhrifum á botndýralíf hugsanlegri erfðablöndun við náttúrulega laxastofna, samlegðaráhrifum með öðru fiskeldi og sjúkdómahættu. Þrátt fyrir að gagnlegt yfirlit sé gefið yfir framangreind atriði í greinagerð framkvæmdaraðila, eru nokkur atriðið sem Umhverfisstofnun telur að þarfnið ítarlegri umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Umhverfisstofnun bendir á að burðarþol er metið út frá hámarkslífmassa og er það ekki sama stærð og framleiðsla og ber að skýra vel frá þessum stærðum eldis í frummatsskýrslu.

Í greinagerð eru taldar upp laxveiðiár í nágrenni við Dýrafjörð og var þá minnst á ár í Ísafjarðardjúpi. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt áhættumati Hafrannsóknarstofnunar (2017) vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldislaxa og villtra laxastofna á Íslandi, ber sérstaklega að vakta Laugardalsá, Langadalsá og Hvannadalsá í Ísafjarðardjúpi vegna hættu á erfðablöndun. Stofnunin telur að gera þurfi grein fyrir þessari áhættu erfðablöndunar í frummatsskýrslu.

Fram kemur í greinagerð að áhrif eldis á fugla verði kannað með fyrirliggjandi gögnum. Umhverfisstofnun vekur athygli á að skv. ákvæðum 18. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, sbr. reglugerð nr. 252/1996 um friðun tiltekinnar villtra fuglategunda, friðlýsingu æðarvarps o.fl. hefur Sýslumaðurinn á

Vestfjörðum friðlýst æðarvarp á Höfðaodda í landi jarðarinnar Höfða í Dýrafirði. Fyrir þær sakir telur Umhverfisstofnun að mikilvægt sé að mat á áhrifum eldis á þetta varp sé athugað sérstaklega, þ.e. möguleika aukins afráns fugla sem laðast að lífrænum úrgangi fiskeldis. Þá ber sérstaklega að nefna eldisstöð við Gemlufall vegna nálægðar við varp.

Gera þarf betur grein fyrir því hvernig verjast skuli ásætum á nótum í frummatskýrslu að mati Umhverfisstofnunar og hvaða efni verði notuð við þrif á kvíunum. Að lokum telur Umhverfisstofnun að í frummatsskýrslu skuli vera nánari lýsing á búnaði sem hindrar smitleiðir blóðvatns milli sláturstaðs og sjávar.


Umhverfisstofnun vill benda á að umrædd framkvæmd er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstarleyfi Matvælastofnunar.

Að öðru leiti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda tillögu að matsáætlun.



Rakel S. Kristjánsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri